



ORKUSTOFNUN

Skýringar með reikningum til Kröfluvirkjunar
fyrir tímabilið september-nóvember 1987

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-88-04

**SKÝRINGAR MEÐ REIKNINGUM TIL KRÖFLUVIRKJUNAR FYRIR TÍMABILIÐ
SEPTEMBER - NÓVEMBER 1987.**

Sérfræðivinna fyrir september skiptist niður sem hér segir:

Hrafnaþing; 6 menn x 18 tímar = 108 tímar og farmiðar fyrir 6 þingmenn. Ath. reiknað var með 10 tímum á mann yfir þingdaginn og 8 tímum í ferðatíma. Allri undirbúningsvinnu er sleppt.

Efnafræðieftirlit í Kröflu 65 tímar auk þess 7 tímar til athugunar á útfellingum, sem hreinsaðar voru úr holu 9 (unnið ca. annað hvert ár).

Úrvinnsla eldri gagna 40 tímar. Ath. úrvinnsla eldri gagna og rekstrareftirlit voru hér farin að skarast nokkuð, þar sem mælingar á árinu 1987 voru felldar undir þennan lið.

Sérfræðivinna fyrir október skiptist niður sem hér segir:

Efnafræðieftirlit í Kröflu 82 tímar, þ.e vinna Jóns Ben fyrir norðan. Kostnaður þar með er farmiði AK-REY-AK.

Úrvinnsla eldri gagna á sér sömu skýringar og í september og voru það 32 tímar.

Sérfræðivinna fyrir nóvember skiptist niður sem hér segir:

Efnafræðieftirlit 19 tímar og úrvinnsla eldri gagna, 111 tímar, voru orðin nokkuð samtvinnuð. Gengið var frá skýrslu um haustferð Jóns Ben. norður í Kröflu og svo vinnu við holumöppur og gagnainnslátt á tölvuna. (þá eingöngu mælingar frá 1987).

Teiknistofuvinna 21 tími var vegna haustskýrslu um efnafræðieftirlit.

Umsjón og verkstjórn hef ég ekki hirt um að skýra neitt sérstaklega enda eins nöfnin gefa til kynna er um að ræða stýringu vinnu fyrir Kröfluvirkjun að hálfu Orkustofnunar.

Reykjavík 25. janúar 1988

Ásgrímur Guðmundsson
verkefnisstjóri